



BÍLGREINASAMBANDIÐ
THE ICELANDIC FEDERATION FOR MOTOR TRADES AND REPAIRS

Alþingi

Erindi nr. P 132/1063
komudagur 27.2.2006.

Nefndarsvið Aþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 27. 02.06

Umsögn um frumvarp til laga um bílaleigur, 379 mál.

Bílgreinasambandið hefur engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

Bílgreinasambandið

Hanna Guðjónsdóttir

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P/32/798
komudagur 9.2.2006



Samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. febrúar 2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um bílaleigur, 379. mál.

Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og setja sig ekki á móti þeirri grunnhugsun sem fram kemur í þeim tillögum sem gerðar eru til breytinga enda hefur verið haft samráð við þau við gerð frumvarpsins. Samtökin skilja þá nauðsyn sem er á flutningi leyfisútgáfu og eftirlits til Vegagerðarinnar en finnst það samt miður þar sem samstarf við embættismenn samgönguráðuneytis í þessum málaflokki hefur verið með miklum ágætum

Nokkur atriði í frumvarpinu mætti þó færa til betri vegar.

1. Í 1. grein leggjum við til að setningin endi á eftir orðunum „skráningarskylt ökutæki“. Það sem á eftir kemur er óþarft þar sem að annaðhvort eru þau ökutæki sem leigð eru bundin kvöðum sem á þeim hvíla vegna þess að þau hafa notið lægri vörugjalda sbr. lög um vörugjald af ökutækjum o.fl., nr. 29/1993, eða ekki og er þá heimilt að leigja þau til lengri tíma eins og gerð er tillaga um í 5. grein frumvarpsins.

2. Í d lið 2. greinar gerum við eftirfarandi breytingu

d. 1. másl. 4. mgr. orðast svo: Bílaleiga á grundvelli starfsleyfis skal rekin á fastri starfsstöð **í atvinnuhúsnæði** sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Þar sem tilgangur lagabreytingarinnar er að bæta aðgengi neytenda að rekstraraðilanum er nauðsynlegt að tiltaka að starfsstöð sé í atvinnuhúsnæði en ekki sé verið að vísa leigutökum á starfsstöð t.d í íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi.

3. Í 5. grein gerum við eftirfarandi tillögu um breytingar.

Leigusamningur milli bílaleigu og leigutaka skal að jafnaði takmarkast við þrjár vikur ef ökutæki sem leigt er hefur notið lægri vörugjalda sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum. Ef ökutæki hefur ekki notið lægri vörugjalda, **eftirstöðvar þeirra að fullu greiddar**, eða 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, sbr. 1. másl., er bílaleigu heimilt að leigja það til lengri tíma.


Samtökunum finnst vanta heimild til að geta greitt upp vörugjöld á tímabilinu en ekki vera bundin í 15 mánuði eins og orðalag greinarinnar kveður annars á um. Samtökin munu taka upp við næstu breytingu á lögum um vörugjald að heimilt verði að nýta hlutfallslega niðurfellingu en eins og málum er háttað í dag þá er annaðhvort bara full niðurfelling með 15 mánaða kvöð eða ekkert. Í einhverjum tilfellum gæti verið hagkvæmt að miða þetta við t.d. 5 mánuði frá upphafi.

Samtökin vilja gjarnan fá nánari skýringu á hvað er átt við með eftirfandi setningu í 6. grein frumvarpsins. „Vegagerðinni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögnum.“

Samtökin eru að sjálfsögðu reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar sé þess óskað og skýra frekar sjónarmið sín í þessu máli.

Virðingarfyllt

Fh. Samtaka ferðaþjónustunnar



Þorleifur Þór Jónsson
Hagfræðingur.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

13. febrúar 2006
Mál nr.1070

**Umsögn um frumvarp til breytingar
á lögum um bílaleigur nr. 64/2000.
379. mál.**

Visað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dagsetts 26. janúar 2006, þar sem óskað er umsagnar Umferðarstofu um frumvarp til breytinga á lögum um bílaleigur nr. 64/2000.

Lagt er til að d-liður 2. gr. frumvarpsins verði þannig orðaður:


1. málslíður 4. mgr. orðast svo: Bílaleiga, sem hefur starfsleyfi, skal hafa fasta starfstöð sem opin skal almenningi á þeim tíma sem auglýstur er.


Lagt er til að e-liður 2. gr. frumvarpsins verði þannig orðaður:

Á eftir 1. málslíðu 4. mgr. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Afgreiðslutími skal auglýstur og kynntur skýrt og greinilega.

Sérstaklega skal á það bent í þessu sambandi að „opnunartími” er afleitt orð, betur fer á að nota „afgreiðslutími”.

Virðingarfyllt,


Karl Ragnars


William Thomas Möller

Alþingi
Erindi nr. P 132/890
komudagur 17.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK
ÍSLAND


Reykjavík, 15. febrúar 2006
Tilvísun: 2006010098/90.12
BÓI/BH
26.01.2006

Efni: Frumvarp til laga um bílaleigur, nr. 64 með síðari breytingum, 379. mál, flutningur leyfisveitinga o.fl.

Með bréfi dags. 26.01.2006 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint málefni.

Helstu breytingar eru þær að leyfisveitingar til að reka bílaleigur eru færðar frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar. Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við nein ákvæði sem þar koma fram. Við vinnslu frumvarpsins mat þjónustudeild Vegagerðarinnar þann kostnað sem gera mátti ráð fyrir að félli á Vegagerðina við yfirtöku á þessu verkefni og er sú áætlun lögð til grundvallar því leyfisgjaldi sem kveðið er á um í frumvarpinu. Verkefni þetta getur vel fallið að öðrum verkefnum, sem unnin eru hjá leyfisveitingum þjónustudeildar Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri